

# Heimilisfræði 1. bekkur vetur 2022-2023

Kennarar: Sigfríður Jódís Halldórsdóttir

1

## Lýsing

### Markmiðið:

Gert greinarmun á hollum og óhollum mat og áhrif hans á líkama og líðan. Farið eftri einföldum leiðbeiningum um þrif og hreinlæti. Farið eftir einföldum uppskriftum og útbúið hollar máltíðir með aðstoð. Þekki helstu hættur sem varast þarf í eldhúsi. Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.

Kennsla: bókleg, verkleg.

Mat: Símat, einnig gefið fyrir hegðun.

## Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Unnið í litlum hópum í verklegri vinnu undir stjórn kennara.

Í upphafi tímans byrjar kennari á innlögnum. Þar eru þær matreiðslu- og baksturaðferðir lagaðar inn.

Því næst vinna nemendur verkefni í litlum hópum undir stjórn kennara.

Að því loknu er frágangur og lögð er áhersla á að nemendur tileikni sér góðan frágang í eldhúsinu.

## Námsaðlögun

Komið er til móst við nemendur þar sem þeir eru staddir með myndrænum uppskriftum og því sem þurfa þykir. Einnig fá nemendur persónulegan stuðning.

## Námsmat

Námsmat er margþætt og byggist á nokkrum þáttum.

Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu.

Einkunnaskali sem notaður er til að meta viðmið úr námskrám er eftirfarandi:

\* Framúrskarandi

✓ Hæfni náð

◇ Á góðri leið

○ Þarfnast þjálfunar

X Hæfni ekki náð

Námsmat sem notað er sem lokamat er:

A = Framúrskarandi

B+ = Mjög góð hæfni og frammistaða

B = Góð hæfni og frammistaða

C+ = Á góðri leið

C = Sæmileg hæfni og frammistaða

## VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

---

VS Heimilisfræði 1.bekkur.

- **Samantekt**
- Umgengni góð og framkoma til fyrirmyndar

VS Heimilisfræði 1.bekkur. - Matur og lífshættir

- Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti.
- Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.

VS Heimilisfræði 1.bekkur. - Matur og vinnubrögð

- Útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir.
- Farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld.
- Sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.

VS Heimilisfræði 1.bekkur. - Matur og menning

- Tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat.